



Reykjavík, 2. apríl 2024

MSS24020025

Borgarráð

Umsögn um drög að borgarstefnu

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða umsögn Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um drög að borgarstefnu, dags. 2. apríl 2024.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um drög að borgarstefnu, dags. 2. apríl 2024.



Reykjavík



Reykjavík, 2. apríl 2024

MSS24020025

UMSÖGN

Viðtakandi: Innviðaráðuneytið

Sendandi: Reykjavíkurborg

Umsögn um drög að borgarstefnu

Í samráðsgátt stjórnvalda eru til umsagnar drög að tillögu til þingsályktunar um borgarstefnu, mál nr. 32/2024. Reykjavíkurborg fagnar framkomnum drögum að borgarstefnu. Stefnan leggur línur varðandi þróun byggðar á svæðum þar sem 90% landsmanna hefur búsetu í samfelldu borgarsvæði þar sem fólk sækir vinnu og þjónustu langt út fyrir sveitafélagamörk. Íbúar þessara svæða hafa sameiginlegar áskoranir og sameiginleg tækifæri sem þau þurfa að nálgast með heildstæðum hætti í góðri samvinnu við stjórnvöld.

Það er mikilvægt að hugsa um þróun borgarsvæðanna þannig að ákvarðanir séu teknar út frá langtímasýn og heildarhagsmunum. Dæmi um ofangreint getur verið þróun stærri samgönguinnviða (sbr. hafna), atvinnusvæða fyrir rýmisfreka starfsemi, húsnæðisáætlun, loftslagsmál og endurheimt vistkerfa.

Þessi tvö borgarsvæði eru í alþjóðlegri samkeppni um hæfileikaríkt fólk, ferðamenn og fjármagn og mikilvægt að stjórnvöld séu meðvituð um þessa samkeppni og miði aðgerðir sínar við að efla samkeppnishæfnina með það lokamarkmið að auka hér lífsgæði íbúa. Í því samhengi má nefna að það er ekki til atvinnuþróunarfélag sem þjónustar höfuðborgarsvæðið en sambærileg félög í höfuðborgum Skandinavíu þjónusta svæði með tugi sveitafélaga.

Þegar samkeppnislistar milli borga eru rýndir er ljóst að suð-vesturhornið er á margan hátt á meðal fremstu svæða í heimi. Það er helst varðandi sjálfbærar samgöngur sem svæðið stendur samanburðarsvæðum að baki. Það er því mikilvægt að bættar almenningssamgöngur innan svæðis og milli kjarna hafi þann sess sem lagt er upp með í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðis.

Stefnan er upphafskafli að nýrri nálgun varðandi þróun byggðar á Íslandi þar sem hugtakið borgarsvæði er nýtt til þess að bera saman lífsgæði og umgjörð íbúa í alþjóðlegum samanburði. Það er framfararskref og mikilvægt að þessi vinna haldi áfram í sem víðustu samráði svo að þau tækifæri sem hún býður upp á nýtist sem best. Með hliðsjón af framangreindu fagnar Reykjavíkurborg framkomnum drögum að borgarstefnu.



Reykjavík



Þorsteinn Gunnarsson
Borgaritari

Óli Örn Eiríksson
Teymisstjóri atvinnu- og borgarþróunar



Reykjavík